

### 3. Raunhæft verkefni, námskeið vorið 2011

#### Ábyrgð og skyldur skólanefndar vegna ákvörðunar um samrekstur leik- og grunnskóla

Í Austurbyggð hefur börnum á leik- og grunnskólaaldri farið fækkandi á undanförunum árum og fátt sem bendir til þess að breyting muni verða á þeirri þróun. Grunnskólinn starfar í nýlegu, rúmgóðu húsnæði en leikskólinn mun þarfnast töluverðs viðhalds á næstu misserum. Þá er ljóst að breytingar eru framundan í starfsmannahópnum þar sem 2 kennarar í grunnskólanum auk skólastjórans og eins starfsmanns leikskólans munu hætta á næstu 2 árum vegna aldurs. Í ljósi þessa og fleiri þátta sem sterk fagleg og rekstrarleg rök styðja, að mati sveitarstjórnar, leggur sveitarstjórn til að þessar tvær stofnanir verði sameinaðar í eina með haustinu.

Þú ert formaður skólanefndar í Austurbyggð sem fer bæði með málefni leik- og grunnskóla. Málið var tekið fyrir á síðasta fundi skólanefndar (í mars sl.) og nefndinni falið að skila sveitarstjórn álit og koma með tillögur að aðgerðaáætlun vegna undirbúnings og kynningar í samstarfi við sveitarstjórn og skólafulltrúa. Leggja á niður báða skólana og stofna nýjan heildstæðan leik- og grunnskóla í húsnæði grunnskólans með einum skólastjóra. Á fundinum kom í ljós að skólanefndarmenn eru ekki á eitt sáttir um ágæti þessara hugmynda og fundu áheyrnarfulltrúar foreldra og kennara og sumir nefndarmenn þeim ýmislegt til foráttu. Þeir töldu m.a. að gróskumiklu starfi leikskólans undir merkjum græn fána væri stefnt í voða og áherslur hans myndu lúta í lægra haldi gagnvart grunnskólanum. Þá ættu svona ung börn enga samleið með börnum allt upp í 16 ára aldur og að grunnskólakennarar færu að „kenna“ leikskólabörnum kynni ekki góðri lukku stýra þar sem allt nám í leikskólum fari fram í gegnum leik sem síður en svo einkenni starfshætti grunnskólans.

Þá eru uppi efasemdir um að lagagrundvöllur sé fyrir því að reka saman þessi tvö skólastig sem eina **sameinaða** stofnun, frekar væri hægt að ná sátt um **samrekstur** tveggja stofnana undir einni yfirstjórn. Þá lýstu fulltrúarnir stórum áhyggjum af atvinnuöryggi þeirra sem í skólunum starfa í dag því fátt er um fína drætti í atvinnuframboði í sveitarfélaginu þessi misserin.

Ljóst er að raddir foreldrasamfélagsins verða sífellt háværi og mikilvægt er að í þessum undir-búnings- og kynningarfasa verði brugðist við skjótt.

Saga Sigurðardóttir skólanefndarmaður er gift fulltrúa nærsamfélagsins í skólaráði grunnskólans, sem veita mun umsögn um málið. Þér er kunnugt um að skólaráðið leggst ekki gegn fyrirhuguðum samrekstri grunnskólanna en leggi áherslu á að vandað verði til alls undirbúnings málsins og að sérstaklega þurfi að huga að því að áform um sameiningu skólanna valdi ekki óhæfilegu álagi á stjórnendur þeirra. Einn skólanefndarmanna, Tumi Jónsson á nokkurra hagsmuna að gæta því tengdadóttir hans er almennur starfsmaður við leikskólann og kann starf hennar að vera í hættu ef sameiningaráformin ná fram að ganga. Bæði Tumi og Saga eiga börn á leik- og/eða grunnskólaaldri.

Hver eru næstu skref hjá þér?

1. Segir ákvörðun sveitarstjórnar endanlega og skólanefnd þurfi að einbeita sér að framkvæmdaratriðum eins og starfsmannamálum og breytingum á húsnæði og

skólalóð við þessa sameiningu en geti ekki eytt miklu púðri í áhyggjuefni foreldra á þessu stigi.

2. Leggur til að skólanefndin útbúi upplýsingaskjal sem varðar helstu þætti málsins, með og á móti, og sendi íbúum sveitarfélagsins til kynningar auk þess að kynna lagalegan grundvöll aðgerðarinnar
3. Leggur til við skólanefndina að undirbúinn verði upplýsinga- og kynningarfundur með íbúum sveitarfélagsins og farið yfir allar helstu fag- og rekstrarlegu röksemdir sem mæla með sameiningu stofnananna auk þess sem andmælendum ákvörðunarinnar gefist tækifæri til þess að koma sínum sjónarmiðum á framfæri á fundinum.
4. Eitthvað allt annað og þá hvað?
5. Telur þú ástæðu til að nefndin fjalli um hugsanlegt vanhæfi nefndarmanna? Er líklegt að einhverjir nefndarmenn þurfi að víkja sæti við umfjöllun um málið?